

Jarðfræðipjónusta Hauks Jóhannessonar ehf.

Borholur í Haukadalshreppi (3803) í Dalasýslu



Haukur Jóhannesson

Unnið fyrir Orkustofnun

Greinargerð JHJ-2014/012


Ágúst 2014

Inngangur


Í þessari greinargerð er farið yfir þær borholur sem eru í Haukadalshreppi hinum forna. Í hreppnum voru skráðar 15 borholur og þar af eru fimm mannvirkjaholur sem Vegagerðin hefur látið bora. Ekki var hugað að mannvirkjaholunum en óvíst er að þær séu allar í Haukadalshreppi - einhverjar gætu verið í Miðdalahreppi. Upplýsingar um holurnar eru í 1. töflu og staðsetningar eru sýndar á 1., 2. og 3. mynd.

*1. tafla. Borholur í Haukadalshreppi hinum forna. * Borhola SA-01 er dýpri en skráð er í borholuskrá Orkustofnunar.*


Staðarnr.	Heiti	Lögbýli	Dýpi	Borár	N-hnit	V-hnit
33401	DB-01	Kaldakinn	63	1996	65° 03.217	21° 42.063
34331	VA-01	Vatn	50	2001	65° 03.536	21° 39.806
34332	VA-02	Vatn	52	2001	65° 03.413	21° 38.570
34381	SH-01	Stóra-Vatnshorn	61	2008	65° 03.557	21° 32.944
34371	ES-01	Stóra-Vatnshorn	181	2008	65° 03.509	21° 32.177
34351	SA-01	Saurstaðir	*145	2001	65° 03.062	21° 31.399
34352	SA-02	Saurstaðir	126	2008	65° 03.047	21° 31.752
34411	LE-01	Leikskálar	79	2008	65° 03.631	21° 29.368
34531	JÖ-01	Jörfi	132	2013	65° 03.161	21° 29.336
34401	NÚ-01	Núpur	296	2008	65° 03.655	21° 27.498
34501	HD-01		8,9	2011		
34502	HD-02		8,0	2011		
34503	HD-03		8,5	2011		
34504	HD-04		8,5	2011		
34505	HD-05		6,5	2011		



1. mynd. Yfirlitskort af borholum í Haukadalsshreppi hinum forna.



2. mynd. Borholur innan Haukadalsvatns.



3. mynd. Borholur utanvert við Haukadalsvatn.

DB-01 - Kaldakinn

Borhola DB-01 er á sléttri klöpp við þjóðveginn skammt austan við heimreiðina að Köldukinn. Holan er nokkuð ryðguð en annars í sæmilegu ástandi. Þetta er hitastigulshola.



4. mynd. Borhola DB-01 við Köldukinn. Köldukinnarbærinn í fjarska upp í hlíðinni.

VA-01 - Vatn

Borhola VA-01 að Vatni er skammt norðaustan við íbúðarhúsið og er rétt ofan við hlaðið. Fiskikar úr plasti er á hvolfi yfir holunni. Í henni er dæla og vatnið notað til neyslu að Vatni.



5. mynd. Borhola VA-01 á Vatni. Íbúðarhúsið í baksýn.

VA-02 - Vatn

Borhola VA-02 er við sumarhús sem nefnist Fagrahlíð og er hann innri bústaðurinn af tveimur sem eru nokkuð hátt í hlíðinni um einn km innan við Vatn. Í holunni er dæla og vatnið notað í sumarhúsinu. Holan er í góðu ástandi.



6. mynd. Borhola VA-02 á Vatni. Sumarhúsið Fagrahlíð er handan við holuna.

SH-01 - Stóra-Vatnshorn

Borhola SH-01 er skammt ofan og innan við efsta útihúsið ofan við bæinn. Í henni er dæla og vatnið notað til neyslu. Ástand holunnar er gott.



7. mynd. Borhola SH-01 á Stóra-Vatnshorni. Íbúðarhúsið er fjærst á myndinni.

ES-01 - Stóra-Vatnshorn

Borhola ES-01 er kennd við Eiríksstaði sem eru hluti af Stóra-Vatnshorni. Reyndar hefur lóð verið skipt út úr jörðinni kringum rústirnar og ferðamannaaðstöðuna. Holan er fáeina metra innan við hreinlætishús sem þar er. Hún er í svörtum plastbrunni. Í holunni er dæla og vatnið notað á staðnum.



8. mynd. Borhola ES-01 er í svarta plastbrunninum.

LE-01 - Leikskálar

Borhola LE-01 er um 15-20 metra austan og ofan við íbúðarhúsið á Leikskálum. Í henni er dæla og vatnið notað til neyslu. Ástand holunnar er gott.



9. mynd. Borhola LE-01. Íbúðarhúsið að Leikskálum er í baksýn.

NÚ-01 - Núpur

Borhola NÚ-01 á Núpi er um 30 metra utan við íbúðarhúsið og ofan við heimreiðina. Brunnur er utan um holuna og í henni er dæla. Vatnið er notað til neyslu. Holan er í góðu ástandi. Holan var boruð til að leita að jarðhita.



10. mynd. Borhola NÚ-01 á Núpi.



11. mynd. Borhola NÚ-01 á Núpi. Íbúðarhúsið er í baksýn.

JÖ-01 - Jörfi

Borhola JÖ-01 er um 10 metrum utan við húsgrunn sem verið er að reisa þar sem útihúsin stóðu á Jörfa. Í holunni er dæla og verður vatn úr henni notað í húsið sem verið er að reisa. Holan var boruð 2013 af Árna Kópssyni og er 132 m djúp og með 6" fódurröri. Vatnsborð er á um 2ja m dýpi en dælan niður á um 70 m.



12. mynd. Borhola JÖ-01 á Jörfa. Húsgrunnur í baksýn og fjær er gamla íbúðarhúsið á Jörfa.

SA-01 - Saurstaðir

Borhola SA-01 á Saurstöðum er inn við gilið sem skilur að jarðirnar Saurstaði og Jörfa sem er um 300 metra innan við bæinn. Í holunni er dæla og vatnið nýtt til bústarfa. Ástand holunnar er gott. Holan er 145 m djúp en ekki 130 eins og skráð er í gagnagrunni Orkustofnunar. Vatnið sem upp kemur er 16-17°C heitt.



13. mynd. Borhola SA-01. Horft út dalinn.

SA-02 - Saurstaðir

Borhola SA-02 er um 9 metra utan og ofan við efra horn fjóssins. Í henni er dæla og vatnið notað til bústarfa. Ástand holunnar er gott.



14. mynd. Borhola SA-02 á Saurstöðum.